



Morgunblaðið/Július



Morgunblaðið/Július

Reykjavík 200 ára:

Flensað í Malakoff á Kjarvalsstöðum

UNDANFARNAR vikur hefur verið sýnt á Kjarvalsstöðum, í tengslum við sýninguna Reykjavík 200 ára: Svipmyndir mannlífs og byggðar, leikþátturinn Flensað í Malakoff eftir þau Erling Gíslason og Brynju Benediktsdóttur, sem jafnframt er leikstjóri. Leikþátturinn sem er 30 mínútur í flutningi, er sýndur á útíþalli og víða um Kjarvalsstaði.

„Þetta er uppákoma sem miðar við þjóðlífsmynd frá því um 1880-90, án þess þó að vísindalegrar smámunasemi sé gætt í alla staði. Leikþátturinn er reyndar beinlínis saminn fyrir sýninguna á Kjarvalsstöðum,“ sagði Erlingur Gíslason, leikari, í samtali við Morgunblaðið. „Nafnið er dregið af Þórði Árnasyni Malakoff,

verkamanni í Reykjavík, sem reyndar var fyrst kallaður Malakoff síðan Alakoff og loks Malakoff. Af hverju maðurinn fékk þessi viðurnefni veit ég ekki. Malakoff þessi, eins og reyndar fleiri á þessum tíma, seldi læknastúdentum líkið af sér, en þeir voru ávallt í stanslausum vandræðum með að finna lík til krufningar.“

Söguþráður leikþáttarins, sem er sam- anbland gaman- og harmleiks, er á þá leið að ekkja í Grjótaþorpi fær þá hugmynd að tveir læknastúdentar hafi stolið nýdaudum manni sínum, er hún sér þá dröslast með lík eitt. Ekkjan telur sig kannast við löpp er stingur undan brekání sem vafið er um líkið og verða úr þessu hin mestu átök, sem byggjast auðvitað á misskilningi og fá farsæla lausn að lokum eftir að fenginn hefur verið háyfirdómari

til að skera úr um málið.

Leikendur í Flensað í Malakoff koma víða að. „Við erum leikendur í sumarfrí en erum að þessu af því að okkur finnst svo gaman að leika en einnig nýútskrifaður leikari og áhugaleikarar úr framhaldsskólum,“ eins og Edda Þórarinsdóttir, sem fer með hlutverk ekkjunnar, orðaði það. Auk hennar koma fram í leikþáttinum þau Erlingur Gíslason, háyfirdómari, Saga Jónsdóttir, ráðskona, Grétar Skúla- son, pólití, Benedikt Erlingsson og Eyþór Arnalds, læknastúdentarnir tveir, Kristín Guðmundsdóttir, stúlka og Karl Ágúst Úlfsson í hlutverki dóna, en það voru menn kallaðir á þessum tíma sem ekki áttu hús.

Leikið er á nokkur hljóðfæri á sýningunni og eru þau helstu píanó (Erlingur

og Edda), violincello (Eyþór), flauta (Kristín), trompet (Karl Ágúst) og gítar (Grétar). Meðal söngva sem fluttir eru í leikþáttinum eru Malakoff eftir Björn M. Olsen, Á skytningi eftir Jón Olafsson og lokavísa eftir Karl Á. Úlfsson. Einnig er sungið úr Álfról og Skuggasveini.

Flensað í Malakoff er sýnt klukkan 21:00 fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Síðasta sýningin verður föstudaginn 19. september.


Kristín, Eyþór, Benedikt, Grétar, Guðrún Högnadóttir og Guðrún Þórðardóttir eru auk þess gæslufólk á sýningunni allan þann tíma sem hún er opin. Þau veita gestum upplýsingar um sýninguna og skemmta þeim með hljóðfærslætti, söng og leik.

Bifreiða- eftirlitið skráir fjór- hjólin ekki


TORFÆRUTÆKIN, sem nefnd hafa verið fjórhjól og mikið eru seld, hafa ekki fengist skráð hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, vegna þess að þar víta menn ekki hvort þeir eigi að skrá þessi tæki sem bíl, bifhjól eða jafnvel dráttarvél. Þessu fylgir að tækin og ökumaður eru ekki tryggð nema eigendur hafi keypt frjálsar tryggingar á þau.

Rúnar Guðmannsson umdæmisfulltrúi hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins sagði að bifreiðaeftirlitsmenn hefðu skoðað þessi svokölluðu fjórhjól og gefið um það skýrslu til dómsmálaráðuneytisins. Hann sagði að ekki hefði verið talið hægt að skrá þessi tæki, þar sem þau flokkuðust ekki undir neina af þeim tegundum öku- tækja sem getið væri um í umferðarlögunum. Þetta væru ekki bílar, bifhjól, létt bifhjól, vélsleðar eða dráttarvélar. Hann taldi að þetta væru skráningarskyld tæki, sem þó væri ekki hægt að skrá.

Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu sagði að lýsing bifreiðaeftirlitsins á fjórhjólinu svokallaða benti til þess að þau væru bifreiðar samkvæmt skilgreiningu umferðarlögunna, en þau væru ekki skráningarhæf nema með breytingum. Í þeim þyrftu til dæmis að vera bílbelti og stefnu- ljós. Ólafur sagði að ekki mætti aka þessum tækjum á vegum og öðrum svæðum sem umferðarlögin giltu á, nema þau yrðu skráð.



Frá vígslu spítalans 5. september 1926.



St. Józsefsspítalinn í Hafnarfirði.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

St. Józsefsspítalinn í Hafnarfirði 60 ára:

Mjög heimilislegur andi á spítalanum

– segir Árni Sverrisson framkvæmdastjóri

SEXTÍU ár voru í gær liðin frá því að starfsemi hófst í St. Józsefsspítalanum við Sudurgötu í Hafnarfirði. Spítalinn var reistur af St. Józsefssysturreglunni árið 1926 og vígður 5. september það ár. Præfekt Meulenberg framkvæmdi vígsluna að viðstöddu fjölmenni.

St. Józsefssysturreglan var stofnsett í Frakklandi árið 1650. Fyrstu systurnar komu til Íslands 25. júlí 1896, en reglan hóf líknarstarf í Danmörku 1856, og unnu fjórar systur á Fáskúðsfirði að hjúkrun, mest meðal erlendra sjómanna. Árið 1902 hófst starfsemi St. Józsefssystura í Reykjavík og stofnsettu þær þar sjúkrahúsið í Landakoti.

Fyrsti sjúklingurinn í St. Jós-

efsspítalanum í Hafnarfirði, Lucia A. Kristjánsdóttir, var lagður inn á vígsludaginn af Þórði Edilonsyni, vígslulækni.

Reistar voru viðbyggingar við spítalann árið 1955 og 1974 og eru nú í honum 53 sjúkrarúm, sem skiptast í tvær deildir. 28 rúm eru á lyflæknisdeild og 25 á handlæknisdeild. Starfsfólk spítalans er um 110 manns, en auk þess eru þar starfandi 11 sérfræðingar

á ýmsum sviðum læknisfræðinnar. Framkvæmdastjóri spítalans er Árni Sverrisson, hjúkrunarforstjóri er Gunnhildur Sigurðardóttir og yfirlæknir Jónas Bjarnason. Á síðasta starfsári voru alls 1.979 sjúklingar lagðir inn á spítalann og er það mesti fjöldi í sögu hans.

„Það er mjög heimilislegur andi hér á spítalanum, ekki þessi færibandastemning sem oft vill verða á spítölum,“ sagði Árni Sverrisson, framkvæmdastjóri, í samtali við Morgunblaðið. „Við reynum að þjóna Hafnarfjarðarsvæðinu eftir bestu getu. Hér eru gerðar allar algengustu aðgerðir

og í október tökum við í notkun ný, mjög fullkomin, röntgentæki hér á spítalanum. Eftir að þau eru komin í gagnið eru það einungis sneiðmyndatökur sem þarf að sækja til Reykjavíkur.

Frekari stækkanir við spítalann hafa legið á teiknborðinu lengi en óvíst er hvenær þær koma til framkvæmda. St. Józsefssysturnar vilja selja spítalann þar sem ekki er lengur þörf á að hjálpa Íslendingum við að koma upp sjúkrahúsum. Þær eru því eðlilega hikandi við að leggja út í margmilljónafrankvæmdir rétt áður en spítalinn verður seldur. Ekki er þó víst ennþá hvernig þessum sölumálum lyktar. Ríkið hefur fallið frá kaupum í bili vegna þeningaleysis og það væri reyndar kannski ekki æskilegasti kosturinn að ríkið tæki yfir starfsemi St. Józsefsspítalans, þar sem við viljum helst að spítalinn þjóni Hafnarfirði áfram fyrst og fremst. Bæjarstjórnin hér hefur ritað okkur bréf varðandi þetta og við erum farin að þreifa fyrir okkur í sambandi við þessi sölumál,“ sagði Árni Sverrisson.